

Ávarp rektors við veitingu heiðursdoktorsnafnbóta við Íslensku- og menningardeild, Hátíðasal, 23. maí 2022

Forseti Hugvísindasviðs, deildarforseti Íslensku- og menningardeildar, heiðursdoktorsefni, aðrir góðir gestir;

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar, þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar á vegum Íslensku- og menningardeildar, á Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við tvö íslensk skáld, þau Hannes Pétursson og Steinunni Sigurðardóttur. Hljóta þau heiðursdoktorsnafnbót fyrir framlag sitt til íslenskra bókmennta og menningar, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót, á tvennum forsendum. Annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Með valinu getur Háskólinn einnig sýnt virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen háskólarektor, en honum hlotnaðist sá heiður árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 manns verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að þau Hannes og Steinunn skuli nú bætast í þann hóp, þjóðkunn skáld sem hlotið hafa margháttáðar viðurkenningar fyrir verk sín.

Hannes Pétursson hefur verið í fremstu röð íslenskra ljóðskálda frá því hann kvaddi sér hljóðs með *Kvæðabók* árið 1955. Ljóðabækur hans eru orðnar margar á löngu árabili, en Hannes hefur einnig fengist við rannsóknir á ljóðskáldum 19. aldar og ritað sagnaþætti, sem notið hafa vinsælda og komu út í endurskoðaðri

heildarútgáfu 2018. Þýðingar, á bundnu og lausu máli, hafa verið allstór þáttur í höfundarverki hans. Náttúra og saga skipa mikilvægan sess í skáldskap Hannesar og honum hefur auðnast að samþætta hefð og nýjungar á skapandi hátt.

Steinunn Sigurðardóttir hefur um langt skeið verið einn helsti rithöfundur þjóðarinnar. Hún hóf feril sem ljóðskáld ung að aldri en hefur um árabil sent frá sér ljóðabækur, skáldsögur og ævisögur, auk leikverka og þýðinga. Steinunn hefur sinnt kennslu í ritlist, en einnig starfað sem blaðamaður og þáttagerðarmaður við útvarp og sjónvarp, þar sem hún sérhæfði sig í viðtölum við rithöfunda. Mörg verk Steinunnar teljast til lykilbóka í íslenskum samtímaskáldskap og verk hennar hafa enn fremur orðið innblástur listamanna úr öðrum greinum, s.s. tónskálda.

Það er til sæmdarauka fyrir Háskólann og Íslensku- og menningardeild að heiðra Hannes og Steinunni með heiðursdoktorsnafnbót.

Nú býð ég Sveini Yngva Egilssyni, prófessor við Íslensku- og menningardeild, að taka til máls.

Takk fyrir.